

94 B stjórnarfundur 4. febrúar 2016.

Fundargerð

Fundur haldinn hjá Alta, Ármúla 32 í Reykjavík, og í fjarfundi hófst kl. 12:30

Fundarefni: Undirbúningur Vatnajökulsþjóðgarðs, vegna gagnagerðar fyrir opinbera stefnumótun við fjárlagagerð

Fundarstjóri: Ármann Höskuldsson, formaður stjórnar

Fundarmenn: Ármann Höskuldsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir (fjarfundur, í stað Heiðu Guðnýjar Ásgeirsdóttur), Björn Ingi Jónsson, Guðmundur Hörður Guðmundsson, Guðrún Jónsdóttir (fjarfundur), Óli Halldórsson (fjarfundur – Yfirlit fund 15:30), Ruth Magnúsdóttir (fjarfundur – Yfirlit fund frá 15:30 til 16:00), Snorri Ingimarsson, Vilhjálmur Árnason, Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri, Björg Ágústsdóttir, Alta (12:55 – 14:00, fjarfundur), Halldóra Hreggviðsdóttir, Alta.

Fundarritarar: Þórður H. Ólafsson, Björg Ágústsdóttir og Halldóra Hreggviðsdóttir.

Sent: Fundarmönnum og öðrum stjórnarmönnum.

Dagskrá

- Fyrri hluti fundar – atvinnustefna, lög og gjaldtökuheimildir. Björg Ágústsdóttir sá um og kynnti. Farið yfir:
 - Grunn atvinnustefnu fyrir Vatnajökulsþjóðgarð sem fyrir liggur í drögum stjórnar.
 - Gjaldtökuheimildir í nágildandi lögum.
 - Drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð – þ.e. einkum sá hluti sem snýr að leyfisveitingum þjóðgarðs (breytingar á nágildandi lögum, til að atvinnustefna muni hafa traustari grunn).
- Seinni hluti fundar – Stefnumörkun um opinber fjármál – Halldóra sá um og kynnti. Farið yfir:
 - Upplýsingar/eyðublöð sem skila þarf til umhverfis- og auðlindaráðuneytis vegna nýrra leiða við opinbera stefnumótun fyrir fjárlagagerð og tímarás – Framhald frá fundi 27. janúar 2016.
 - Framkvæmdaverkefni sem skilgreind hafa verið í aðgerðaáætlun og umræða um forgangs röðun þeirra.
 - Helstu áskoranir og hindranir.
- Önnur mál.
- Næstu skref.

Atvinnustefna, gjaldtökuheimildir og fyrirhugaðar breytingar á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð

Björg kynnti með 2 glærुकynningum, annarri sérstaklega um atvinnustefnu og hinni um lögin og væntanlegar lagabreytingar, sem fundarmenn munu fá sendar að loknum fundi.

- **Atvinnustefna:** Björg rakti aðdraganda þess að stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs hófst handa við að móta atvinnustefnu þjóðgarðsins. Lög og lögskýringargögn (umræður við setningu laga um Vatnajökulsþjóðgarð), skilaboð hagsmunaaðila í samráði við undirbúning við gerð Stjórnunar- og verndaráætlunar – og síðara samráð – auk ákvæða Stjórnunar- og verndaráætlunar sjálfrar ganga út á að Vatnajökulsþjóðgarður hafi hlutverki að gegna sem aflvaki í atvinnulífi, bæði fyrir nærsvæði þjóðgarðs og fyrir Ísland í heild. Í Stjórnunar- og verndaráætlun eru markmið útfærð með skilaboðum um að atvinnustefna verði mótuð fyrir þjóðgarðinn. Í slíkri stefnu eigi að felast áætlun um hvernig þjóðgarðurinn ætli sér að vinna með fjölmörgum hagsmunaaðilum og eiga samstarf við þá sem vilja nota aðstöðu og gæði þjóðgarðsins í atvinnuskyni og til að þjónusta sína viðskiptavinum. Stjórn hafði mótað grunn atvinnustefnunnar, sem fyrir liggur í drögum, samþykktum í des. 2013.

Sá grunnur felur í sér þrískipt hlutverk Vatnajökulspjöldgarðs í atvinnumálum og byggðapróun; 1) *Miðlun*: að draga fram og miðla upplýsingum um gæði og þjónustu þjóðgarðsins, 2) *Samningsbundið samstarf*: að bjóða skýrar samstarfsleiðir (til þjónustuaðila) til að auka upplifun í þjóðgarðinum gegn þátttöku (þjónustuaðila) í því að vernda, viðhalda og þróa gæði þjóðgarðs. 3) *Samráð við hagsmunaaðila*: að eiga markvisst samráð við hagsmunaaðila sem tengjast atvinnustarfsemi á forsendum þjóðgarðsins. Hugsunin var síðan að útfæra stefnuna nánar í sérstökum gögnum og áætlunum eftir ákvörðun stjórnar hverju sinni. Meðal slíkra gagna væru (1) miðlunaráætlun, (2) „samningsrammar“ – þ.e. mismunandi form samninga/samstarfs sem þjóðgarðurinn býður samstarfsaðilum og (3) greining hagsmunaaðila (liggur fyrir, en þarf að uppfæra reglulega) og gróf áætlun um hvernig þjóðgarðurinn vilji standa að samráði við hagsmunaaðila. Ætlun stjórnar á sínum tíma var sú, að leita samráðs við hagsmunaaðila við frágang þessara gagna og innleiðingu atvinnustefnunnar. Sú vinna var lögð til hliðar þar sem ætlunin var að breytingar yrðu unnar á lögum um þjóðgarðinn, m.a. til að treysta grunn atvinnustefnunnar (mæla fyrir um atriði sem ekki er tekið á í núgildandi lögum en þarf að skýra, og sem atvinnustefna kemur inná).

- **Gjaldtökuheimildir:** Í 21. gr. núgildandi laga er heimild fyrir Vatnajökulspjöldgarð að taka gestagjöld fyrir veitta þjónustu í þjóðgarðinum. Sjá einnig reglugerð um gjaldtöku vegna tjaldstæða og þjónustu í Vatnajökulspjöldgarði nr. 877/2015. Fyrirhugað er að bætt verði inn gjaldtökuheimild í 21. gr. laganna, vegna leyfisveitinga sem ætlunin er að löggin kveði (skýrar) á um. Þar er um að ræða leyfisveitingar þjóðgarðs til aðila sem vilja nýta sér aðstöðu og gæði í þjóðgarðinum – sjá næsta lið.
- **Fyrirhugaðar lagabreytingar:** Fyrir liggja drög (jan. 2016) að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Vatnajökulspjöldgarð sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur unnið að síðan á árinu 2014. Drögin eru nú í kostnaðarmati hjá fjármála- og efnahagsráðuneyti. Drögin bera í sér breytingar á II. kafla laganna, þ.e. um stjórn þjóðgarðsins, en Björg fór ekki yfir þann hluta hér. Sá hluti er saminn af ráðuneytinu með hliðsjón af tillögum starfshóps sem skipaður var 2013 og falið að endurskoða þennan kafla. Björg fór yfir breytingar á öðrum köflum laganna, sem gerðar eru með hliðsjón af reynslu af rekstri þjóðgarðsins síðustu árin. Helstu breytingar eru þessar, skv. greinargerð frumvarpsdraganna:
 - vegna skörunar laganna og reglugerðar um Vatnajökulspjöldgarð og Stjórnunar- og verndaráætlunar (S&V) – verið er að „hreinsa“ og skýra fókusinn og samhengið, þ.e. hvaða atriði eiga löggin að fjalla um, hverju á reglugerðin að taka á og hvað á síðan að vera í S&V.
 - ný ákvæði um leyfisveitingar v/ýmiss konar atburða, framkvæmda og starfsemi innan þjóðgarðsins – ákvæði sem tímabært var að taka inn, þar sem reynt hefur á slíkar beiðnir hjá þjóðgarðinum í allnokkurn tíma
 - breytingar til skýringar á ákvæðum um gjaldtöku fyrir útgáfu leyfa og eftirlit með atburðum, framkvæmdum eða starfsemi innan þjóðgarðsins
 - ákvæði um heimild til tjöldunar og aðrar lagatæknilegar breytingar (t.d. er lending loftfara í þjóðgarðinum nýtt atriði sem tekið er á í lögnum)

Í greinargerð frumvarpsdraga er fjallað um (I) tilefni og nauðsyn lagasetningar, (II) meginefni frumvarpsins (væntanlegs), (III) leyfisveitingar – og tengsl við leyfisveitingarákvæði þjóðlendulaga, (IV) samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar, (V) samráð við samningu frumvarpsdraganna, (VI) mat á áhrifum (væntanlegra lagabreytinga) og síðan er (VII) umfjöllun um einstakar greinar.

Björg fór einkum yfir einkum yfir þann hluta sem snýr að leyfisveitingum þjóðgarðs (breytingar á núgildandi lögum, til að atvinnustefna muni hafa traustari grunn).

Nokkrar spurningar komu fram, einkum um heimildir laganna til að takmarka umferð eða ágang á tiltekin svæði þjóðgarðsins. M.a. var rætt um tilvik sem upp hefur komið og snýst um aðgengi að íshelli/hellum, og hvort þjóðgarðurinn hafi heimildir til að takmarka aðgengi og rukka fyrir aðstöðu/afnot þjónustuaðila af þessum helli.

Stjórn samþykkti að óska eftir því að Sigríður Svana Helgadóttir, lögfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneyti, yrði fengin á næsta fund stjórnar til að svara spurningum stjórnarmanna um frumvarpsdrögin.

Stefnumörkun um opinber fjármál – Halldóra sá um kynningu

Þjóðgarðurinn þarf að skila inn 4 vinnuskjölum

- Vinnuskjal 0: Yfirlit yfir stefnur og stefnumótandi skjöl - *Lokið*
- Vinnuskjal 1: Kortlagning meginmarkmiða, forgangsröðun þeirra og gæðamarkmið. - *Lokið*
- Vinnuskjal 2: Kortlagning og forgangsröðun þjónustu og meginverkefna.
 - Þar eru tvenns konar verkefni tíunduð úr Stjórnunar- og verndaráætlun þ.e. þau sem snúast um uppbyggingu „innri“ innviða (byggð á starfsmarkmiðum í Stjórnunar- og verndaráætlun) og þau sem snúa að uppbyggingu „ytri“ innviða – framkvæmdir og önnur verkefni sem tíunduð eru í 9. kafla Stjórnunar- og verndaráætlunar.
 - Í seinni hluta skjals er verkefnum forgangsráðað og skipt í „veigamikil verkefni“ – sem fjalla um innri innviði og „veigamikil framkvæmdaverkefni“ – sem fjalla um uppbyggingu ytri innviða.
- Vinnuskjal 3: Áskoranir og hindranir. Hér er yfirlit um helstu áskoranir og hindranir, yfirlit yfir verkefni sem þjóðgarðurinn vill forgangsráða (úr vinnuskjali 2) og síðan samantekt þar sem farið er yfir framkvæmdatíma verkefna.

Þessum vinnuskjölum þarf að skila inn föstudaginn 5. febrúar til umhverfisráðuneytisins.

Samtalið

Eðli verkefna þjóðgarðsins snýst gróflega eftirfarandi flokka:

- Uppbyggingu innviða – „innri innviðir“
- Rannsóknir – „innri innviðir“
- Atvinnumál – „innri innviðir“
- Skipulagsmál – „innri innviðir“
- Framkvæmdir – „ytri innviðir“

Stjórn lauk yfirferð á vinnuskjölum 0 og 1 á síðasta vinnufundi. Þá var einnig farið yfir verkefni sem tengjast uppbyggingu innri innviða og forgangsröðun þeirra.

Nú var farið yfir framkvæmdaverkefni og forgangsröðun þeirra og tengingu yfir í aðgerðaáætlun þjóðgarðsins. Stjórnin fór yfir og ræddi.

Einnig var rætt um áskoranir og hindranir og leiðir til að takast á við þær.

Niðurstaða þessa samtals fer í vinnuskjöl 2 og 3 sem verða uppfærð og sett í Dropbox stjórnar fyrir dagslok.

Önnur mál

Þóður kynnti þær umsóknir um styrk til verkefna í þjóðgarðinum sem sótt var um til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða þriðjudaginn 2. feb.:

Norður:

- Dettifoss vestur; aðstaða fyrir starfsmenn og upplýsingagjöf -hönnun, framkvæmd
- Dettifoss vestur; tenging við veitukerfi Rarik
- Ábyrgi; salerni á tjaldsvæði- endurnýjun framkvæmd
- Drekaþil; möguleg breyting á vegi og staðsetning upplýsingahúss - skipulag svæðisins,
- Vikraborgir- upplýsingahús- framkvæmd
- Gjallandi; fyrsta hluti uppbyggingar þjónustusvæðis- skipulag hönnun og framkvæmd

Austur:

- Röbrú yfir Volgu í Kverkfjöllum, framkvæmd

Suður:

- Skaftafell-bílastæði 3.áf.- hönnun, framkvæmd
- Svartifoss- tröppur/þrep - hönnun, framkvæmd

Vestur:

- Gígur við Laka; hönnunarvinna við útsýnispall
- Tjarnargígur; lagfæring á núverandi göngupalli og útsýnispalli, hönnun og framkvæmdir

Þjóðgarðurinn:

- Sameiginleg umsókn um viðbótar landvörslu í þjóðgarðinum

Auk þess var beðið um hækkað úthlutunarhlutfall (úr 50% í 100%), áður innsendrar umsókna frá okt.'15

- Dettifoss V; útsýnispallur og göngupallur 2. áf.
- Ásbyrgi, Gljúfrastofa- bílastæði
- Blanda - göngubrú
- Skaftafell-salerni á bílastæði
- Skaftafell-bílastæði 2. áf.
- Skaftafell-Hundafoss;útsýnispallur framkv.
- Skaftafell-gönguleið að Svartafossi 3. áf
- Skaftá - kláfur ofl.

Næstu skref

- Umhverfisráðuneytið hefur beðið um að fá öll eyðublöðin í fyrramálið 5. 2. 2016.
- Fulltrúar í stjórn voru sammála um mikilvægi þess að ræða forgangsröðun verkefna með svæðisráðum, það væri því ekki rétt að skila lokaíntökum að eyðublöðunum fyrir en að höfðu samráði við þau.
- Formenn svæðisráða sögðust myndu bregðast hratt við en þyrftu helgina til að fara yfir forgangsröðun verkefna og lykil skilaboð með sínum hópi.
- Halldóra uppfærir eyðublöðin með niðurstöðum af fundinum strax eftir fundinn og setur í Dropboxið fyrir dagslok, svo formenn svæðisráða geti sent þau til svæðisráða til umfjöllunar.
- Svæðisráðin skila tillögum varðandi forgangsröðun framkvæmdaverkefna í síðasta lagi f.h. á mánudag.
- Næsti vinnufundur í stjórn er mánudaginn 8. janúar kl. 13:15 til 15:00. Þar verður endanlega gengið frá tillögum til forgangsröðunar . Fundur haldinn hjá Alta – fjarfundur fyrir þau sem ekki komast.

Fundi slitið um 16:15.